

13.5.2008

*Alþingi
Erindi nr. P 135/2655
komudagur 13.5.2008*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd

Umsögn Fiskistofu um 530. mál

Fiskistofa gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarp til laga um fiskeldi en þær að hér er um að ræða viðamikil ný verkefni sem, eins og fram kemur í umsögn fjármálaráðuneytisins, hafa ekki verið kostnaðargreind. Því liggur ekki fyrir mat á því hvort sú 29,7 m.kr. fjárheimild, sem millifæra á til Fiskistofu frá Matvælastofnun, nægir fyrir öllum þeim kostnaði sem fylgir þessum og öðrum verkefnum sem flutt verða á milli þessara stofnana.

Fiskistofa telur líkur á að svo sé ekki og bendir á að kostnaður vegna eldis nytjastofna sjávar er ekki reiknaður inn í þessa tölu.

Þórður Ásgeirsson
Fiskistofustjóri